**Nd.** **51. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

I. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Helga Jónassyni.*
Framan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir A. 10. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætast nýir liðir:
a. *Ásvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsbrautar um Ás og Háfshverfi að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá.
b. *Fljótsvegur:* Frá Hemlu um Akurey að Bergþórshvoli.
c. *Miðeyjarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsbrautar vestan Ála, um Miðey, Lágafell, Skíðbakka að Affalli ofan Úlfsstaðahverfis.
d. *Hagabraut:* Frá vegamótum Fjallabaksvegar ofan við Lýtingsstaði um Haga, Saurbæ, Stúfholt, Skammbeinsstaði á Fjallabaksveg neðan við Köldukinn.

II. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
a. Í stað „2. gr. laganna" í upphafi frvgr. kemur: 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933.
b. Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir XVII. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætist nýr liður:
*Súðavíkurvegur:* Frá Ísafirði fyrir Skutulsfjörð um Arnardal til Súðavíkur.

III. Frá *Vilmundi Jónssyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir XVII. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætast nýir liðir:
a. *Súðavíkurvegur:* Frá Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
b. *Skorarheiðarvegur:* Frá Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum til Furufjarðar á Ströndum.
c. *Látravegur:* Frá Hekleyri um Hesteyri að Látrum í Aðalvík.

IV. Frá *Jóni Pálmasyni, Pálma Hannessyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir C. 7. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætist nýr liður:
*Kolugafjallsvegur:* Frá Skagastrandarvegi um Norðurárdal til Sauðárkróks.

V. Frá *Pálma Hannessyni* og *Steingrimi Steinþórssyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Tölul. C. 9. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 skal orða svo:
*Sauðárkróksvegur:* Frá Sauðárkróki um Varmahlíð að Goðdölum.

VI. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Pálma Hannessyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir C. 10. í 2. gr. l. nr. 101 19. júní 1933 bætist nýr liður:
*Hólavegur:* Frá Hofsósvegi að Hólum í Hjaltadal.

VII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 72 23. júní 1936.